

Rekstrarstöðvunartrygging vegna slysa eða sjúkdóma

Vátryggingarsamningurinn

Um vátryggingu þessa gildir það sem fram kemur í:

- Vátryggingarskírteini
- Vátryggingarskilmálum, þ.e.:
 - hugsanlegum sérskilmálum, sem koma fram í vátryggingarskírteini
 - skilmálum þessum
- Lögum nr. 30/2004 um vátryggingarsamninga.

Vátryggingarskírteinið hefur að geyma nánari ákvæði vátryggingarsamningsins sem ekki koma fram í skilmálum þessum. Sérskilmálar í vátryggingarskírteini útvíkka, takmarka eða afmarka nánar gildissvið vátryggingarinnar umfram það sem kemur fram í skilmálum þessum. Að öðru leyti en fram kann að koma í sérskilmálum gilda ákvæði skilmála þessara um vátrygginguna.

Í tilvikum þar sem ákvæðum um sama efni ber ekki saman gilda ákvæði í vátryggingarskírteini og endurnýjunarkvittun framfar ákvæðum vátryggingarskilmála og sérskilmálar ganga framfar almennum skilmálum, þó þannig að sértækar reglur ganga ávallt framfar almennum. Ákvæði í vátryggingarskírteini, endurnýjunarkvittun og skilmálum ganga framfar frávikjanlegum lagaákvæðum.

Tjónagrunnur

Tiltekna upplýsingar um tjón sem tilkynnt eru í trygginguna eru færðar í tjónagrunn sem Samtök fjármálafyrirtækja reka samkvæmt sérstöku leyfi frá Persónuvernd. Sjóvá-Almennar tryggingar bera ábyrgð á vinnslu upplýsinganna en Creditinfo er vinnsluaðili þeirra. Tilgangur vinnslu upplýsinga í tjónagrunninum er að stemma stigu við tryggingarsvikum og koma í veg fyrir ofgreiðslu tryggingarbóta. Þessar upplýsingar eru skráðar í tjónagrunnin:

- Kennitala tjónþola
- Númer máls hjá félaginu
- Tegund tryggingar
- Tegund tjóns
- Dagsetning tjóns
- Dagsetning skráningar í grunninn
- Nafn viðkomandi vátryggingarfélags
- Staðsetning tjóns
- Einkvæmt númer þess tryggða, s.s. ökutækis.

Starfsmenn tryggingafélaga sem starfa að tjónauppgjöri hafa einir aðgang að upplýsingum í grunninum. Upplýsingunum verður eytt þegar ekki er lengur þörf fyrir þær í þágu tilgangs vinnslunnar, í síðasta lagi þegar tíu ár eru liðin frá skráningu.

Efnisyfirlit

1. gr.	Hverjir eru vátryggðir?	3
2. gr.	Aldursmörk	3
3. gr.	Vátryggingasvið	3
4. gr.	Hvaða tjón bætir vátryggingin?	3
5. gr.	Takmarkanir á bótaskyldu	3
6. gr.	Bótauppgjör	3
7. gr.	Skyldur vátryggðs þegar tjón verður	3
8. gr.	Bótatími og biðtími	3
9. gr.	Skilmálar sjúkra- og slysatrygginga	3
10. gr.	Gildistími – endurnýjun - réttur til uppsagnar	3
11. gr.	Iðgjaldið - gjalddagi - vanskil - uppgjör við slit samnings á vátryggingartímabilinu	5
12. gr.	Vátryggingarfjárhæð	5
13. gr.	Brot á upplýsingaskyldu - svik og rangar upplýsingar	5
14. gr.	Vátryggður veldur vátryggingaratburði	5
15. gr.	Brot á varúðarreglum	6
16. gr.	Háttsemi annarra einstaklinga en vátryggðs - reglur um samsömun	6
17. gr.	Áhættubreyting - Aukin áhætta	6
18. gr.	Viðbyggingar og endurbætur	6
19. gr.	Undirtrygging	6
20. gr.	Tvítrygging	6
21. gr.	Uppgjörsregla vegna skattafrádráttar eða endurgreiðslu virðisaukaskatts	6
22. gr.	Tilkynning um tjón - ráðstafanir vegna tjóns	7
23. gr.	Frestur til að tilkynna um tjón - fyrning	7
24. gr.	Ráðstafanir til varnar tjóni	7
25. gr.	Stríð, verkföll, kjarnorka, hryðjuverk, náttúruhamfarir, o.fl.	7
26. gr.	Skýringarákvæði varðandi upplýsingatækni	8
27. gr.	Vátryggingarstaður	8
28. gr.	Endurkröfurettur	8
29. gr.	Ágreiningur	8
30. gr.	Varnarþing	8

1. gr. Hverjir eru vátryggðir?

Vátryggingin tekur til þess einstaklings eða einstaklinga, sem getið er í vátryggingarskírteini.

2. gr. Aldursmörk

Þegar hinn vátryggði verður 60 ára fellur vátryggingin úr gildi við lok vátryggingarársins.

3. gr. Vátryggingasvið

Sjóvá-Almennar tryggingar hf. greiðir bætur ef stöðvun verður á rekstri vátryggðs vegna slyss eða sjúkdóms er hann verður fyrir. Slysið eða sjúkdómurinn verður að valda því að vátryggður verði með öllu óvinnufær og hafa í för með sér algera fjarvist hans af vinnustað á bótatímabilinu. Fyrir verður að liggja vottorð læknis um óvinnufærni vátryggðs.

4. gr. Hvaða tjón bætir vátryggingin?

Félagið greiðir eftirfarandi tjón, sem rekstrarstöðvunin hefur í för með sér:

1. Vinnulaun launþega, sem vátryggðum ber að greiða á bótatímabilinu samkvæmt gildandi kjarasamningum þrátt fyrir stöðvun á rekstrinum.
2. Fasta kostnaðarliði, sem ekki falla niður þótt starfsemin stöðvist og fram koma í vátryggingarbeiðni.

5. gr. Takmarkanir á bótaskyldu

Vátryggingin bætir ekki tjón, sem verður þegar hinn vátryggði verður óvinnufær að hluta eða deyr af völdum slyss eða sjúkdóms.

6. gr. Bótauppgjör

Þegar bótaskyld tjón verður skal vátryggður láta félaginu í té öll gögn sem eðlilegt er að krefjast til að sannreyna bótakröfuna svo sem skattuppgjör, rekstraruppgjör, bókhaldsgögn og önnur skjöl sem upplýst geta um rekstrarafkomu vátryggðs.

7. gr. Skyldur vátryggðs þegar tjón verður

Vátryggðum ber að gera allt, sem í hans valdi stendur, til að koma í veg fyrir eða draga úr tjóni af völdum rekstrarstöðvunar og þannig að draga úr afleiðingum sjúkdóms eða slyss. Farist það fyrir getur það haft í för með sér skerðingu bóta eða bótamissi.

8. gr. Bótatími og biðtími

Bætur greiðast frá þeim degi sem vátryggður er algjörlega óvinnufær og þar til hann hefur endurheimt, að nokkru starfsorku sína, þó að frádregnum þeim biðtíma sem getið er á vátryggingarskírteini eða iðgjaldskvittun.

Bótatími er það tímabil sem tilgreint er á vátryggingarskírteininu og félagið bætir lengst bætur vegna.

Bótatíminn hefst á þeim tíma þegar staðfest er, að sjúkdómur eða slys hefur gert vátryggðan með öllu óvinnufæran.

Bótatímanum lýkur í síðasta lagi jafnmörgum mánuðum síðar og tilgreint er á vátryggingarskírteininu og á sama tíma sólarhrings sem hann hófst.

9. gr. Skilmálar sjúkra- og slysatrygginga

Það er skilyrði fyrir bótum úr vátryggingu þessari að vátryggingaathafur sé bótaskyldur úr slysa- og sjúkratryggingu vátryggðs, sem hann hefur í gildi hjá félaginu.

Að öðru leyti vísast til sjúkra- og slysatryggingarskilmála félagsins að svo miklu leyti sem þeir eiga við og ekki er vikið frá þeim í skilmálum þessum.

10. gr. Gildistími – endurnýjun - réttur til uppsagnar

10.1 Gildistími

Sé ekki annað ákveðið í lögum eða samningi tekur váttryggingin gildi á þeim degi, sem samningur um váttrygginguna er gerður, það er þegar félagið eða váttryggingartaki hefur samþykkt tilboð hins. Váttryggingin gildir fyrir það tímabil sem tilgreint er í váttryggingarskrírteini eða iðgjaldskvittun.

10.2 Endurnýjun – uppsögn við endurnýjun

Váttrygging, sem gildir í eitt ár eða lengur, er endurnýjuð fyrir eitt ár í senn, nema váttryggingartaki hafi tilkynnt félaginu um að hann vilji segja váttryggingarsamningnum upp. Váttryggingartaki getur sagt váttryggingunni upp skriflega með mánaðar fyrirvara hvenær sem er á váttryggingartímabilinu og miðast uppsögn við næstu mánaðarmót þar á eftir. Eigi uppsögn að miðast við endurnýjun váttryggingarinnar skal tilkynning um uppsögn berast félaginu í síðasta lagi tveimur vikum fyrir lok váttryggingartímabilsins. Hafi váttryggingartaki ekki lengur þörf fyrir váttrygginguna eða fyrir hendi eru aðrar sérstakar ástæður sem réttlæta uppsögn, getur hann þó sagt váttryggingunni upp með skriflegri tilkynningu til félagsins án sérstaks fyrirvara, sbr. 2. mgr. 14. gr. eða 3. mgr. 75. gr. laga nr. 30/2004.

Þegar váttrygging er tekin vegna atvinnurekstrar, þar sem umfang rekstraraðila samsvarar fleiri en fimm ársverkum eða starfsemi fer að mestu leyti fram erlendis, getur váttryggingartaki aðeins sagt váttryggingunni upp við endurnýjun hennar og skal uppsögn í síðasta lagi hafa borist félaginu einum mánuði fyrir lok váttryggingartímabilsins.

Ef félagið hyggst ekki framlengja váttrygginguna skal tilkynna váttryggingartaka það í síðasta lagi tveimur mánuðum áður en váttryggingartímabilið er á enda. Félagið getur gert breytingar á váttryggingarskilmálum og iðgjaldi váttryggingarinnar. Slíkar breytingar taka gildi frá næstu endurnýjun váttryggingarinnar eftir að tilkynning um þær er send.

10.3 Réttur félagsins til uppsagnar á váttryggingartímanum

Félagið getur sagt upp váttryggingunni, ef einhver eftirtalinn atvika eiga við:

1. ef gefnar hafa verið rangar eða ófullnægjandi upplýsingar um áhættuna, með 14 daga fyrirvara, sbr. 21. og 15. gr. eða 84. og 76. gr. laga nr. 30/2004;
2. ef váttryggingartaki hefur viðhaft sviksamlega háttsemi við upplýsingagjöf til félagsins um áhættuna, án fyrirvara, sbr. 21. og 15. gr. eða 84. og 76. gr. laga nr. 30/2004;
3. ef váttryggður veitir af ásetningi rangar eða ófullnægjandi upplýsingar við uppgjör váttryggingarbóta, með viku fyrirvara, sbr. 47. gr. og 15. gr. eða 120. gr. og 76. gr. laga nr. 30/2004. Auk þess getur félagið í slíkum tilvikum sagt upp öllum váttryggingarsamningum sínum við váttryggðan;
4. eftir að tjón hefur orðið, ef
 - a. váttryggður hefur valdið tjóninu af ásetningi;
 - b. váttryggður hefur brotið gegn varúðarreglum;
 - c. fjöldi tjóna á skömmum tíma er meiri en eðlilegt telst, t.d. 3 tjón á 12 mánuðum.

Uppsagnarfrestur í slíkum tilvikum er tveir mánuðir, sbr. 1. og 2. mgr. 15. gr. eða 2. og 3. mgr. 76. gr. laga nr. 30/2004;

5. ef notkun hins váttryggða eða starfsemi váttryggðs breytist á váttryggingartímanum á þann hátt að:
 - a. félagið hefði ekki tekið að sér váttrygginguna ef hinar nýju aðstæður hefðu legið fyrir við töku váttryggingarinnar;
 - b. það hefur áhrif á möguleika félagsins til að endurtryggja áhættuna.

Uppsagnarfrestur í slíkum tilvikum er tveir mánuðir, sbr. 1. og 2. mgr. 15. gr. eða 2. og 3. mgr. 76. gr. laga nr. 30/2004;

6. við ítrekaðar vanefndir á greiðslu iðgjalds. Uppsagnarfrestur í slíkum tilvikum er tveir mánuðir, sbr. 1. og 2. mgr. 15. gr. eða 2. og 3. mgr. 76. gr. laga nr. 30/2004.

7. ef alvarlegur trúnaðarrestur verður milli félagsins og váttryggingartaka.

Uppsagnarfrestur í slíkum tilvikum er tveir mánuðir, sbr. 1. og 2. mgr. 15. gr. eða 2. og 3. mgr. 76. gr. laga nr. 30/2004.

11. gr. Iðgjaldið - gjalddagi - vanskil - uppgjör við slit samnings á vátryggingartímabilinu

- 11.1 Vátryggingartaki skal greiða iðgjald til félagsins. Fyrsta iðgjaldið fellur í gjalddaga þann dag sem vátryggingin tekur gildi. Síðari iðgjöld falla í gjalddaga á fyrsta degi hvers endurnýjunartímabils. Greiðslufrestur skal vera einn mánuður hið skemmsta frá þeim degi sem félagið sendi tilkynningu um greiðslu til vátryggingartakans.
- 11.2 Krafa um greiðslu iðgjalds verður send vátryggingartaka á það heimilisfang, sem hann hefur tilkynnt félaginu. Sending tilkynningar eða greiðsluseðils jafngildir kröfu um greiðslu. Breytingar á heimilisfangi skal tilkynna félaginu þegar í stað.
- 11.3 Sé iðgjald ógreitt þegar greiðslufresti lýkur, getur félagið sent nýja tilkynningu þar sem greiðslu er krafist innan 14 daga. Sé iðgjald ekki greitt innan 14 daga frá dagsetningu þeirrar tilkynningar fellur vátryggingin þegar niður, sbr. 33. gr. eða 96. gr. laga nr. 30/2004.
- 11.4 Þegar vátryggingarsamningi, sem gilda skal í eitt ár eða lengri tíma, er slitið á vátryggingartímabilinu, á félagið rétt á hlutfallslegu iðgjaldi miðað við þann tíma sem vátryggingin var í gildi.
- 11.5 Þegar vátryggingarsamningi, sem gilda skal í eitt ár eða lengri tíma, er slitið á vátryggingartímabilinu, á félagið rétt á hlutfallslegu iðgjaldi miðað við þann tíma sem vátryggingin var í gildi en endurgreiðir iðgjöld fyrir annað tímabil sem þá þegar er greitt. Sé iðgjald ákveðið árstíðabundið er heimilt að taka tillit til þess við endurgreiðslu iðgjaldsins, sbr. 2. mgr. 17. gr. laga nr. 30/2004.

12. gr. Vátryggingarfjárhæð

- 12.1 Vátryggingarfjárhæð sú sem fram kemur á vátryggingarskírteininu er hámark bótaskyldu félagsins.
- 12.2 Tjón bætast í samræmi við þá vátryggingarfjárhæð sem í gildi er á tjónsdegi.
- 12.3 Um vexti af bótafjárhæðum fer samkvæmt 50. gr. eða 123. gr. laga nr. 30/2004.

13. gr. Brot á upplýsingaskyldu - svik og rangar upplýsingar

13.1 Upplýsingar um áhættuna

Hafi vátryggingartaki eða vátryggður sviksamlega vanrækt upplýsingaskyldu sína um atvik sem haft geta þýðingu fyrir mat félagsins á áhættu og vátryggingaratburður orðið ber félagið ekki ábyrgð, sbr. 1. mgr. 20. gr. eða 1. mgr. 83. gr. laga nr. 30/2004.

Hafi vátryggingartaki eða vátryggður með öðrum hætti vanrækt upplýsingaskyldu sína í þeim mæli að ekki telst óverulegt fellur ábyrgð félagsins niður í heild eða að hluta, sbr. 2. mgr. 20. gr. eða 2. mgr. 83. gr. laga nr. 30/2004.

13.2 Upplýsingar við uppgjör bóta

Ef vátryggður veitir af ásetningi rangar eða ófullnægjandi upplýsingar við uppgjör bóta fellur niður allur réttur hans samkvæmt þessum og öðrum vátryggingarsamningum vegna hins tiltekna vátryggingaratburðar, sbr. 2. mgr. 47. gr. eða 2. mgr. 120. gr. laga nr. 30/2004. Í slíkum tilvikum getur félagið sagt upp öllum vátryggingarsamningum sínum við vátryggðan með einnar viku fyrirvara, sbr. grein 10.3 í skilmálum þessum.

14. gr. Vátryggður veldur vátryggingaratburði

14.1 Ásetningur

Hafi vátryggður af ásetningi valdið því að vátryggingaratburður varð ber félagið ekki ábyrgð, sbr. 1. mgr. 27. gr. eða 89. gr. laga nr. 30/2004.

14.2 Stórkostlegt gáleysi

Hafi vátryggður valdið því af stórkostlegu gáleysi að vátryggingaratburður varð eða afleiðingar hans urðu meiri en ella hefði orðið má lækka eða fella niður ábyrgð félagsins, sbr. 2. mgr. 27. gr. eða 1. mgr. 90. gr. laga nr. 30/2004.

15. gr. Brot á varúðarreglum

- 15.1 Varúðarreglur eru háttænisreglur sem settar eru í því skyni að koma í veg fyrir og takmarka tjón. Það er forsenda fyrir greiðslu bóta að settum varúðarreglum sé ávallt fylgt.
- 15.2 Hafi váttryggður vanrækt að hlíta varúðarreglum eða öðrum fyrirmælum í váttryggingarsamningi má lækka eða fella niður ábyrgð félagsins, sbr. 26. gr. og 1. mgr. 90. gr. laga nr. 30/2004.

16. gr. Háttsemi annarra einstaklinga en váttryggðs - reglur um samsömun

- 16.1 Ákvæði sem kveða á um að réttur váttryggðs til bóta skerðist eða falli niður vegna athafna eða athafnaleysis váttryggðs, eiga einnig við um bótarétt váttryggðs vegna samsvarandi háttsemi starfsmanna váttryggðs, sbr. 2. og 3. mgr. 29. gr. laga nr. 30/2004.

17. gr. Áhættubreyting - Aukin áhætta

- 17.1 Váttryggingartaki skal tilkynna félaginu tafarlaust um sérhverjar breytingar sem varða hina váttryggðu áhættu, svo sem:
 - breytingu sem kann að verða á starfsemi váttryggðs eða öðrum atriðum sem fram koma í váttryggingarbeiðni og varða áhættu félagsins, svo að félagið geti dæmt um hvort váttryggingin skuli gilda áfram óbreytt eða með breyttum kjörum;
 - ef starfsemi hans er flutt á annan stað en getið er á váttryggingarskírteininu;
 - aðrar breytingar (t.d. varðandi gerð eða notkun váttryggðra eigna) sem auka hættu á tjóni verða á starfsemi hans eða öðru er váttryggingin tekur til;
 - keypt er önnur váttrygging sem tekur til sömu áhættu;
 - eigendaskipti verða, þ.á.m. ef rekstrarform breytist.
- 17.2 Félagið áskilur sér rétt til að segja váttryggingunni upp, sbr. grein 10.3 í skilmálum þessum, eða breyta váttryggingarkjörum ef einhverjar af fyrrgreindum breytingum verða.
- 17.3 Falli váttryggingin niður endurgreiðist iðgjaldið fyrir þann tíma sem eftir er af váttryggingartímabilinu.
- 17.4 Láti váttryggður hjá líða að tilkynna félaginu um breytingu skv. framansögðu, getur bótaréttur fallið niður að hluta eða öllu leyti samkvæmt reglum 24. og 25. gr. eða 87. og 88. gr. laga nr. 30/2004.

18. gr. Viðbyggingar og endurbætur

- 18.1 Váttryggðum er skylt að tilkynna félaginu tafarlaust um viðbyggingu, endurbætur eða aðra verulega verðaukningu váttryggðrar eignar. Vanræksla þessarar skyldu varðar bótalækkun samkvæmt reglum 24. og 25. gr. laga nr. 30/2004.

19. gr. Undirtrygging

- 19.1 Nauðsynlegt er að váttryggingarfjárhæðin sé í samræmi við verðmæti hins váttryggða. Sé váttryggingarfjárhæðin lægri en verð hinna váttryggðu hagsmuna, er ábyrgð félagsins aðeins hlutfallsleg eftir mun þeim, sem er á váttryggingarfjárhæðinni og verði hins váttryggða.

20. gr. Tvítrygging

- 20.1 Ef hagsmunir þeir sem váttrygging þessi tekur til eru einnig váttryggðir með annarri váttryggingu getur váttryggður valið úr hvaða váttryggingu hann krefst bóta, þar til hann hefur fengið þær bætur sem hann á kröfu til.
- 20.2 Ef fleiri en eitt váttryggingafélag bera ábyrgð á tjóni skulu þau, sé ekki um annað samið, greiða bætur hlutfallslega eftir ábyrgð hvers þeirra um sig á tjóninu. Því getur það félag, sem bætir tjónið, endurkafið önnur félög hlutfallslega.

21. gr. Uppgjörsregla vegna skattafrádráttar eða endurgreiðslu virðisaukaskatts

- 21.1 Ef váttryggður getur nýtt kostnað vegna tjóns til skattafrádráttar eða hann á rétt á endurgreiðslu virðisaukaskatts vegna endurbóta á hinu váttryggða í kjölfar tjóns skulu bætur lækka sem því nemur.

22. gr. Tilkynning um tjón - ráðstafanir vegna tjóns

- 22.1 Þegar tjón er orðið, skal váttryggður tafarlaust skýra félaginu frá því. Sama gildir er hann veit, eða mætti vita um skaðabótakröfu, sem ætla má að váttryggingin taki til, verði gerð á hendur honum.
- 22.2 Ef váttryggingaraturburðurinn hefur gerst eða bein hættu er á því að hann muni bera að höndum, ber váttryggðum að reyna að afstýra tjóninu eða draga úr því.
- 22.3 Váttryggður skal gefa félaginu kost á að skoða og meta tjónið áður en viðgerð hefst eða skemmdum munum er ráðstafað.
- 22.4 Vanræksla á þessum skyldum váttryggðs getur varðað lækkun eða missi bóta.
- 22.5 Bæði váttryggður og félagið hafa rétt til þess að óvilhallir matsmenn séu tilkvaddir til þess að ákvarða umfang tjónsins og ákveða upphæð váttryggingarbóta, og velur hvor aðili sinn matsmann. Matsmennirnir tveir velja sér oddamann sameiginlega áður en matið hefst. Sé um ágreining að ræða milli matsmanna, sker atkvæði oddamanns úr um ágreiningsatriði þeirra. Komi matsmenn sér ekki saman um val oddamanns skal hann dómkvaddur. Matsmenn meta og reikna út tjónið, samkvæmt ákvæðum váttryggingarskilmálanna og váttryggingarskírteinisins, m.a. með tilliti til hugsanlegrar váttryggingar undir verði. Matsmenn skulu gera skriflega skýrslu um starf sitt, þar sem fram komi sundurliðað mat og útreikningur á fjárhæð tjónsins. Hvor aðili greiðir sínum matsmanni fyrir matið, en kostnaður vegna oddamanns skiptist jafnt milli aðila.

23. gr. Frestur til að tilkynna um tjón - fyrning

- 23.1 Váttryggður glatar rétti til bóta ef:
1. hann tilkynnir félaginu ekki um kröfu sína innan árs frá því að hann vissi um atvik sem hún er reist á;
 2. hann hefur ekki höfðað mál eða krafist meðferðar málsins fyrir úrskurðarnefnd í váttryggingamálum innan árs frá því að hann fékk skriflega tilkynningu um að kröfu hans væri hafnað, sbr. 51. gr. eða 124. gr. laga nr. 30/2004.
- Krafa váttryggðs um bætur fyrnist samkvæmt reglum 52. gr. eða 125. gr. laga nr. 30/2004.

24. gr. Ráðstafanir til varnar tjóni

- 24.1 Þegar váttryggingaraturburðurinn hefur orðið eða bein hættu er á því, að hann muni bera að höndum, skal váttryggður reyna að afstýra tjóninu eða draga úr því. Vanræksla í þessu efni getur haft í för með sér lækkun eða missi bóta, sbr. lög um váttryggingarsamninga nr. 30/2004.

25. gr. Stríð, verkföll, kjarnorka, hryðjuverk, náttúruhamfarir, o.fl.

- 25.1 Félagið bætir ekki tjón eða kostnað sem beint eða óbeint orsakast af styrjöld, innrás, aðgerðum erlendra óvina, ófriðaráttökum (hvort sem styrjöld hefur verið lýst yfir eða ekki) borgarastyrjöld, vopnaðri andspyrnu, byltingu, uppreisn, uppreisn gegn yfirvaldi, uppboti, verkfalli, herstjórn eða valdránsstjórn, herlögum eða herkví eða atvik eða orsakir sem ráða úrslitum um að lýst sé yfir gildistöku herlaga eða umsátursástandi.
- 25.2 Félagið bætir ekki tjón eða kostnað sem að einhverju eða öllu leyti stafar beint eða óbeint af eða á upptök sín í eða frá:
1. jónandi geislun eða mengun af völdum hvers konar kjarnorkueldsneytis eða hvers konar kjarnorkuúrgangs eða brennslu kjarnorkueldsneytis;
 2. geislun, eitrun, sprengingum eða öðrum hættulegum eða mengandi eiginleikum frá kjarnorkustöðvum, kjarnaofnum eða öðrum kjarnorkubúnaði eða hluta þeirra;
 3. hvers konar vopnum þar sem beitt er frumeinda- eða kjarnaklofningu og/eða samruna frumeinda eða kjarna eða öðrum svipuðum kjarnahvörfum, geislaafli eða geislandi efni.
- 25.3 Félagið bætir ekki tjón, kostnað eða útgjöld sem beinlínis eða óbeinlínis stafa af lífefnamengun eða efnamengun vegna hvers konar hryðjuverka, án tillits til hugsanlegra samverkandi orsaka.

Hryðjuverk merkir hér verknað, þar með talið en ekki takmarkað við, valdbeitingu eða ofbeldi og/eða hótun um slíkt, af hálfu einstaklings eða hóps einstaklinga, hvort sem hann eða þeir starfa einir sér eða af hálfu eða í tengslum við ein eða fleiri samtök eða stjórnvöld, ein eða fleiri, og sem framinn er í stjórnámálegum eða trúarlegum tilgangi, í hugsjónatilgangi eða í þjóðernislegum tilgangi eða af slíkum ástæðum, þar með talið í því markmiði að hafa áhrif á stjórnvöld og/eða að vekja ótta hjá almenningi eða hjá hluta almennings.

Mengun merkir hér spilling, eitrun eða hindrandi og/eða takmarkandi áhrif á notkun hluta og efna vegna áhrifa frá efnasamböndum og/eða lífefnum.

- 25.4 Félagið bætir ekki tjón sökum eldgosa, jarðskjálfta, skriðufalla, snjóflóða, vatnsflóða og annarra náttúruhamfara nema annars sé sérstaklega getið.

26. gr. Skýringarákvæði varðandi upplýsingatækni

- 26.1 Eignatjón sem váttryggt er gegn samkvæmt váttryggingu þessari eru efnisleg tjón á eignum sem eignaréttur fylgir.
- 26.2 Efnisleg tjón á eignum sem eignaréttur fylgir taka ekki til tjóna á upplýsingagögnum eða hugbúnaði, einkum skaðlegra breytinga á upplýsingagögnum, hugbúnaði eða tölvuforritum sem orsakast af eyðingu, afbökun eða af því að upphafleg gerð þeirra hefur afmyndast.
- 26.3 Þar af leiðandi eru undanskilin í váttryggingu þessari:
1. Tjón á upplýsingagögnum eða hugbúnaði, einkum skaðlegar breytingar á upplýsingagögnum, hugbúnaði eða tölvuforritum, sem orsakast af því að þeim er eytt, þau afbökud eða upphafleg gerð þeirra er afmynduð svo og allt rekstrartap vegna stöðvunar eða röskunar á rekstri sem orsakast af slíku tjóni.
 2. Tjón, sem orsakast af því að dregið hefur úr virkni eða notagildi, notkunarsviði, eða aðgangi að upplýsingagögnum, hugbúnaði eða tölvuforritum svo og allt rekstrartap vegna stöðvunar eða röskunar á rekstri sem orsakast af slíku tjóni.

27. gr. Váttryggingarstaður

- 27.1 Sé annars ekki getið, tekur váttryggingin aðeins til tjóns er verður á þeim stað sem tilgreindur er í váttryggingarskírteininu.

28. gr. Endurkröfuréttur

- 28.1 Eigi váttryggður fébótakröfu á hendur öðrum vegna bótaskylds tjóns, öðlast félagið þann rétt að svo miklu leyti sem það hefur greitt váttryggðum bætur. Váttryggður skal í slíkum tilvikum gera nauðsynlegar ráðstafanir til þess að tryggja kröfuna þar til félagið getur sjálft gætt hagsmuna sinna.

29. gr. Ágreiningur

Verði ágreiningur um váttrygginguna skal íslenskur dómstóll skera úr honum samkvæmt íslenskum lögum, nema annað leiði af þjóðréttarsamningi sem Ísland er bundið af.

Úrskurðarnefnd í váttryggingamálum sker úr ágreiningi um bótaskyldu, sök og sakarskiptingu auk ágreinings um atriði, er varða ákvæði laga nr. 30/2004 um váttryggingarsamninga.

Úrskurðarnefnd í váttryggingamálum er vistuð er hjá Fjármálaeftirlitinu og má nálgast upplýsingar og málskotseyðublað vegna nefndarinnar á vefsíðunum www.fme.is og www.sjova.is, auk fyllri upplýsinga um starfssvið og starfsháttu hennar.

Málsmeðferð fyrir úrskurðarnefnd í váttryggingamálum skerðir ekki rétt málskotsaðila til þess að leggja málið fyrir almenna dómstóla.

30. gr. Varnarþing

- 30.1 Varnarþing félagsins er í Reykjavík. Mál sem kunna að rísa á hendur félaginu út af váttryggingu þessari, skulu rekin fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

VÁTRYGGINGASKILMÁLAR

Rekstrarstöðvunartrygging vegna slysa eða sjúkdóma

SJÓVÁ

Vátryggingarskilmálar þessir gilda frá 1.júlí 2015 og koma í stað skilmála þeirra sem giltu frá 1. desember 2006.

[Efst á skjal](#)